

Grunur um einelti vaknar gegn starfsmanni.

Meintur þolandi eða þriðji aðili leggur fram kvörtun/ábendingu til næsta yfirmanns, öryggisvarðar/öryggistrúnaðarmanns eða trúnaðarmanns viðkomandi stéttarfélags.

Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun inni á vinnustað. Starfsmaður sem verður uppvís að einelti getur fengið áminningu í starfi, breytingu á starfi eða fyrirvaralaus brottvikningu.

Skólastjóri ræðir við meintan þolanda.

Skólastjóri ræðir við meintan geranda og aðra sem geti veitt upplýsingar um málið.

Málsaðilar gera sáttumleitan sín á milli og málið er leyst í leikskólanum.

Einelti er tilkynnt til vinnueftirlits á þar til gerðu eyðublaði .

Aðstoð er fengin frá utanaðkomandi aðila sem er sérfræðingur í eineltismálum, til dæmis sérfræðingum fræðslufyrvalda eða viðurkenndum þjónustuaðilum.

Hægt er að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá stéttarfélagi eða aðildarfélagi.

Félagslegur trúnaðarmaður veitir aðstoð sem hlutlaus þriðji aðili ef viðkomandi óskar eftir því, til dæmis í viðtölum við skólastjóra og eða fræðslufyrvöld.

Leikskólinn Álfaberg
Febrúar 2012

Leikskólinn Álfaberg
Febrúar 2012

Dæmi um einelti í leikskóla er þegar börn skilja útundan og tala illa og leiðinlega um leikfélaganna. Til að koma í veg fyrir einelti þarf að koma á fræðslu um einelti í leikskóla (Umboðsmaður barna 1998:16). Í leikskólum þarf að vinna fyrirbyggjandi starf sem hjálpar börnum að vera ákveðin og sjálfsörugg. Jafnframt þarf að kenna samskiptareglur og styrkja sjálfstraust þeirra. Börn þurfa að læra að taka ábyrgð á sjálfum sér og virða náungann.

Einelti getur átt sér stað á milli:

- starfsmaður/starfsmaður
- starfsmaður/barn